

# Fundir mannréttinda og lýðræðisráðs

## Verklagsreglur

1. Undirbúningsfundir eru haldnir á mánudagseftirmiðdegi fyrir fundi ráðsins. Á undirbúningsfundi ákveður formaður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra.
2. Mál sem fulltrúar í ráðinu óska eftir að taka á dagskrá funda skulu hafa borist á netföngin [anna.kristinsdottir@reykjavik.is](mailto:anna.kristinsdottir@reykjavik.is) og [elisabet.petursdottir1@reykjavik.is](mailto:elisabet.petursdottir1@reykjavik.is), gjarnan með afriti á formann, til [dorabjort@reykjavik.is](mailto:dorabjort@reykjavik.is). Skulu mál hafa borist fyrir upphaf undirbúningsfundar kl. 13.00 á mánudegi fyrir fund ráðsins á fimmtudegi, ásamt öllum fylgigögnum.
3. Reglulegir fundir skulu boðaðir að lágmarki með tveggja sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum.
4. Fulltrúum í ráðinu er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Ef aðalmaður getur ekki tekið sæti á fundinum boðar hann varamann.
5. Ráðsfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum á fundum sem fram koma hjá einstökum ráðsmönnum eða öðrum sem fundinn sitja.
6. Nefndarmenn í borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnnum eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er á fundinum eða leggja fram stutta fyrirspurn í fundargerð um mál sem eru á verksviði nefndarinnar. Bókanir og fyrirspurnir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu fulltrúa til máls sem til meðferðar er.
7. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráði þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Samþykkt á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs 11. apríl 2019.